

Ársskýrsla Náttúrustofu Norðurlands vestra 2003 - 2008





Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
1.1 Náttúrustofur og hlutverk þeirra á Íslandi	3
1.2 Saga Náttúrustofa á Íslandi	3
1.3 Náttúrustofa Norðurlands vestra	4
2. Hlutverk Náttúrustofa	5
2.1 Lagarammi Náttúrustofa	5
2.2 Reglugerðarammi Náttúrustofu Norðurlands vestra	6
2.3 Starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra	7
2.4 Stjórnir Náttúrustofu Norðurlands vestra	7
3. Fjármál Náttúrustofu Norðurlands vestra	8
4. Uppbygging stofunnar	9
5. Húsnæðismál stofunnar	10
6. Helstu verkefni Náttúrustofu	11
6.1 Verkefni unnin árið 2003	11
6.2 Verkefni unnin árið 2004	14
6.3 Verkefni unnin árið 2005	21
6.4 Verkefni unnin árið 2006	26
6.5 Verkefni unnin árið 2007	31
6.6 Verkefni unnin árið 2008	36
6.7 Verkefni sem stöðugt eru unnin	45
7. Starfsfólk stofunnar	46
8. Ráðstefnur, fyrirlestrar og veggspjöld 2003-2008	47
8.1 Ráðstefnur	47
8.2 Fyrirlestrar á alþjóðlegum ráðstefnum	52
8.3 Aðrir fyrirlestrar	55
9. Ritskrá 2003 - 2008	58
9.1 Alþjóðlegar greinar – ritrýndar	58
9.2 Greinar í alþjóðleg ráðstefnurit - ritrýnd	59
9.3 Innlendar greinar, greinagerðir og skýrslur	60
9.4 Ráðstefnurit	62
9.5 Bókakaflar (ritrýndir)	62
9.6 SEDIFLUX og SEDIBUD verkefni	62





Nú er níunda starfsár Náttúrustofu Norðurlands vestra liðið og má segja að undanfarin ár hafi stofan vaxið mikið bæði hvað varðar mannauð og einnig verkefni. Mörg verkefni hafa verið unnin á síðastliðnum sex árum og eru margar góðar hugmyndir um framtíðarverkefni í farvatninu. Þó er ljóst að þau sveitarfélög sem gert hafa samning við ríkið um rekstur náttúrustofa verða að huga að því að beina í auknum mæli verkefnum til stofanna svo að grundvöllur þeirra styrkist enn frekar.

Liðin eru 14 ár því að fyrsta stofan var sett á laggirnar á Neskaupstað og hefur náttúrustofum á landinu vaxið ásmegin og eru rúmlega 30 heilsársstöðugildi sameiginlega á stofunum í dag.

Huga verður að því að sú starfsemi sem fer fram á náttúrustofum var í flestum tilfellum nýlunda í þeim byggðarlögum þar sem stofurnar voru stofnaðar. Sá hugsunarháttur sem viðgengst á þeim er því oft fersk viðbót við þá atvinnustarfsemi sem fyrir var. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að náttúrustofur geta til dæmis nýst vel í sambandi við þær auknu kröfur sem sveitarfélög standa frammi fyrir í dag til dæmis í umhverfis- og menntamálum.

Árið 2003 stofnuðu náttúrustofur Samtök Náttúrustofa (SNS). Árlega er haldin ársfundur samtakanna og einnig er farin sameiginleg sumarferð. Mikil vinna hefur farið fram á vettvangi þessara samtaka og tel ég að grundvöllur fyrir framgangi náttúrustofa á Íslandi í framtíðinni eigi án efa eftir að liggja í gegnum samtökin. Öllum þeim sem þar hafa komið að verki er þakkað ánægjulegt samstarf.

Fjöldi fólks hefur komið með einum eða öðrum hætti að stofunni frá stofnun hennar. Öllum þeim sem lagt hafa stofunni lið eru færðar góðar þakkir. Sér í lagi er starfsfólki stofunnar þökkuð góð störf og þeim stjórnarmeðlimum sem unnið hafa ötuglega að uppbyggingu hennar. Guðrúnu Sighvatsdóttir, Péttri Péturssyni, Gísla Gunnarssyni, Gísla Árnasyni fyrrverandi stjórnarformönnum og Svanhildi Guðmundsóttir núverandi stjórnarformanni vil ég færa sérstakar þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Stofan hefur einnig náð góðum tengslum við aðrar stofnanir bæði innanlands og utan. Öllum þeim aðilum sem þar að máli hafa komið er þökkuð góð og ánægjuleg samskipti.

Einnig vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir alla þá ómældu vinnu sem þau hafa lagt á sig við hinar ýmsu uppákomur sem stofan hefur staðið fyrir.

Ég horfi með bjartsýni á framtíð Náttúrustofu Norðurlands vestra og reyndar allra náttúrustofa á landinu. Það eru mörg verk sem eru óunnin á Íslandi í umhverfis- og náttúrufarsrannsóknum og tel ég að stofurnar skipi þar mikilvægan sess. Eitt er þó víst að ekki er hægt að svara spurningunni um hvort náttúrustofur eigi rétt á sér og hvort uppbygging þeirra sé í réttum farvegi nema játandi.

Þorsteinn Sæmundsson

Dr. Þorsteinn Sæmundsson
forstöðumaður



1. Inngangur

1.1 Náttúrustofur og hlutverk þeirra á Íslandi

Saga náttúrustofa nær aftur til ársins 1992 þegar ný lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur tóku gildi. Frá árinu 1995 hafa sjö Náttúrustofur verið stofnaðar víðs vegar á landinu. Meginmarkmið með stofnun stofanna er að efla sérhæfðar náttúrurannsóknir og kennslu í náttúrufræðum á landsbyggðinni. Einnig að auðvelda sveitastjórnnum og öðrum þeim aðilum sem hafa það hlutverk að fjalla um og vinna með umhverfistengd málefni aðgang að sérhæfðri þekkingu á náttúru- og umhverfisfræðum.

1.2 Saga Náttúrustofa á Íslandi

Saga náttúrustofa á Íslandi er ekki löng og nær reyndar ekki lengra aftur en til ársins 1992. En árið 1995 var fyrsta náttúrustofan stofnuð, Náttúrustofa Austurlands og hefur Dr. Guðrún Jónsdóttir líffræðingur veitt henni forstöðu frá upphafi og fram til ársins 2006. Tvær stofur voru síðan stofnaðar árið 1996. Önnur stofan, Náttúrustofa Suðurlands, tók til starfa í Vestmannaeyjum og veitti Dr. Ármann Höskuldsson jarðfræðingur henni forstöðu fram á mitt ár 2002, en þá tók þar við stjórn Dr. Ingvar A. Sigurðsson jarðfræðingur. Hin stofan, Náttúrustofa Vestfjarða, tók til starfa í Bolungarvík og veitir Dr. Þorleifur Eiríksson líffræðingur henni forstöðu. Fjórða stofan, Náttúrustofa Vesturlands var stofnsett árið 1998 í Stykkishólmi. Í byrjun veitti henni forstöðu Dr. Kristján Geirsson, jarðfræðingur, en árið 1999 tók Dr. Jón Baldur Sigurðsson líffræðingur við. Hann lét af störfum árið 2000 og tók þá Mr. Róbert A. Stefánsson líffræðingur við forstöðuunni. Fimmsta stofan, Náttúrustofa Norðurlands



vestra var stofnuð árið 2000 og veitir henni forstöðu Dr. Þorsteinn Sæmundsson jarðfræðingur. Sjötta stofan Náttúrustofa Reykjaness, tók síðan til starfa árið 2000 og til að byrja með veitti henni forstöðu Dr. Jón Baldur Sigurðsson líffræðingur en um mitt ár 2002 tók Dr. Sveinn K. Valdimarsson líffræðingur við forstöðunni. Árið 2003 bættist ný stofa við og eru því stofurnar orðnar sjö talsins. Sú stofa er staðsett á Norðausturlandi, Náttúrustofa Norðausturlands og veitir henni forstöðu Þorkell Lindberg Þórarinnsson líffræðingur.

Nánari upplýsingar um starfsemi hverrar stofu er að finna á eftirfarandi heimasíðum:

Náttúrustofa Austurlands:	http://www.na.is
Náttúrustofa Vestfjarða:	http://www.nave.is/
Náttúrustofa Suðurlands:	http://www.nattsud.is/
Náttúrustofa Vesturlands:	http://www.nsv.is
Náttúrustofa Norðurlands vestra:	http://www.nnv.is
Náttúrustofa Reykjaness:	http://www.nr.is
Náttúrustofa Norðausturlands:	http://www.nna.is

1.3 Náttúrustofa Norðurlands vestra


Náttúrustofa Norðurlands vestra tók til starfa á Sauðárkróki í byrjun árs 2000, eftir um tveggja ára undirbúningstíma. Stofan fékk til afnota fallegt húsnæði í “Gamla barnaskólanum” að Aðalgötu 2. Húsið sem reist var árið 1908 hafði þá verið gert upp í nánast upprunalegri mynd. Sú aðgerð tókst í alla staði vel og er þeim fjölmörgu sem stóðu að því verki til mikils sóma. Við endurgerð hússins var tekið tillit til þess hvers konar starfsemi ætti að fara þar fram og er ekki annað hægt að segja að sú hönnun hafi tekist vel.

Greinilegt er að mikill metnaður var settur strax í upphafi í starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra af hálfu sveitafélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps. Dr. Þorsteinn Sæmundsson jarðfræðingur var ráðinn forstöðumaður stofunnar og fluttist hann til Sauðárkróks ásamt fjölskyldu sinni frá Reykjavík. Frú Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra opnaði stofuna formlega þann 9. maí að viðstöddu fjölmenni.

Náttúrustofan lét hanna auðkenni (logo) fyrir sig. Um það verk sá Hjördís G. Bergsdóttir (Dosla) listamaður. Merkið er samsett úr nokkrum atriðum sem eru einkennandi í náttúru Skagafjarðar. Efri hluti merkisins tákna útlínur Tindastóls séð frá Sauðárkróki. Miðhluti þess er útsýni frá Sauðárkróki í norður til Málmeysjar. Þar undir er lárétt stuðlaberg, sem til dæmis er einkennandi fyrir strandsvæðið við Hofsós og á að vera táknrænt fyrir hin lífvana heim náttúruvísindanna þ.e. jarðvísindi. Í merkinu eru einnig fuglar og fífur sem eru táknrænar fyrir lífheim náttúruvísindanna, bæði dýraríkið og jurtaríkið. Til hægri á myndinni teygir sig hönd niður undir stuðlabergið og á hún að tákna hönd móður náttúru.



Húsakynni Náttúrustofu Norðurlands vestra í "Gamla barnaskólanum" við Aðalgötu 2. Hann var byggður árið 1908, en endurbyggingu hússins lauk á vormánuðum 2000 og er miðbæ Sauðárkróks til mikillar þrýði.



Auðkenni (logo) Náttúrustofu Norðurlands vestra.

2. Hlutverk Náttúrustofa

2.1 Lagarammi Náttúrustofa

Náttúrustofur hafa starfað eftir lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60 frá 1992 með síðari breytingum frá árinu 2002. Helsta hlutverk stofanna samkvæmt lögnum frá árinu 1992 er að finna í 11. gr. laganna.

Helstu hlutverk náttúrustofu eru:

- a) að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum, einkum í viðkomandi landshluta.
- b) að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál.
- c) að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

Einnig er náttúrustofu heimilt að gerast aðili að sýningarsafni, en fjárhagur slíks safns og stofunnar skal vera aðskilinn.

Samkvæmt lagabreytingu sem gerð var árið 2002 er fastar kveðið á um hlutverk stofanna og fleiri verkefni frá stofnunum ríkisins hafa verið sett inn í hlutverkaskrá stofanna:

- a) að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.
- b) að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.
- c) að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verkswiði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni.
- d) að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verkswiði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila.
- e) að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. [7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999](#), einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

2.2 Reglugerðarammi Náttúrustofu Norðurlands vestra

Náttúrustofur landsins starfa eftir lögum eins og greint er frá hér á undan en nánar er kveðið á um hlutverk þeirra í reglugerðum fyrir hverja stofu. Í reglugerð um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki nr.96 frá árinu 1998 er tekið fram að hlutverk Náttúrustofu Norðurlands vestra á Sauðárkróki sé:

- a) að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Norðurlands vestra
- b) að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Norðurland vestra og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum
- c) að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning, fyrirtæki og í skólum á Norðurlandi vestra. Skal í þessu sambandi hafa náið samstarf við starfsmenn annarra stofnana sem vinna að sömu málum
- d) að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Norðurlandi vestra
- e) að veita sveitafélögum á Norðurlandi vestra umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verkswiði stofunnar m.a. vegna verndar og nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir

2.3 Starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra

Við uppbyggingu á starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra hefur verið farið eftir þeim lagabókstaf sem um stofuna gildir. Við verkefnaöflun hefur verið reynt að sækja um fjármagn í sem fjölbreytilegust verkefni og hefur einkenni náttúrufars Skagafjarðar ráðið þar töluverðu um. Þó verður að gera sér grein fyrir að hlutverk hvernar náttúrustofu eru það fjölbreytt að ómögulegt er að sinna þeim öllum á grundvelli þeirra fjármuna sem til stofanna eru settir. Starfsemi hvernar stofu hefur því þróast út verkefni sem tengjast fagsviði forstöðumanns og þeirra starfsmanna sem á stofunum vinna. Með tilkomu Samtaka Náttúrustofa (SNS) hefur þó opnast ný leið til þess að deila sérhæfðum verkefnum milli stofanna, þar sem mismunandi sérþekking er til staðar sem stuðlar að aukinni fjölbreytni í verkefnavali.

2.4 Stjórnir Náttúrustofu Norðurlands vestra

Yfir starfsemi Náttúrustofu Norðurlands vestra er valin þriggja manna stjórn og þriggja manna varastjórn og skipar rekstrasveitarfélög stofunnar alla stjórnarmenn.

Um starfsemi stjórna er fjallað um í lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofur númer 92 frá árinu 1992 með breytingum árið 2002. Hlutverk stjórnar að ráða forstöðumann, fjalla um árlega fjárhagsáætlun fyrir stofuna og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi.

Þegar Náttúrustofa Norðurlands vestra tók til starfa í febrúar 2000 starfaði yfir henni þriggja manna stjórn. Guðrún Sighvatsdóttir formaður, skipuð af umhverfisráðherra, Arnþór Gunnarsson, meðstjórnandi og Sævar Einarsson, ritari skipaðir af rekstrasveitarfélagi. Í varastjórn voru Pétur Pétursson, Guðmundur Árnason og Símon Traustason. Á vormánuðum 2000 lét Guðrún Sighvatsdóttir af störfum og varamaður hennar Pétur Pétursson tók við formennsku. Við varamennsku Péturs tók María Gréta Ólafsdóttir.

Í kjölfar sveitastjórnakostninga árið 2002 tók ný stjórn við taumunum. Töluverðar mannbreytingar urðu í stjórn stofunnar frá árinu 2002 til ársins 2006, en lengst af þeim tíma voru Gísli Gunnarsson og Gísli Árnason stjórnarformenn og er þeim þökkun ánægjuleg samskipti. Sævari Einarssyni, Gunnari Braga Sveinssyni, Viðari Einarssyni og Símoni Traustasyni eru öllum þökkun ánægjuleg samskipt á þessu tímabili.

Á haustdögum 2006 urðu breytingar á stjórn stofunnar í kjölfar sveitastjórnarkostninga 2006. Í þeirri stjórn sitja Svanhildur Guðmundsdóttir sem formaður, Elínborg Hilmarisdóttir sem ritari og Bjarni Egilsson sem meðstjórnandi. Varamenn eru Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson og Sigríður Björnsdóttir. Bjarni Egilsson af störfum fljótlega og við sæti hans tók Sigríður Björnsdóttir.

3. Fjármál Náttúrustofu Norðurlands vestra

Náttúrustofa Norðurlands vestra er rekin af ríkinu og Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Náttúrustofan er þó í eigu og ábyrgð þeirra sveitarfélaga sem um hana hafa gert rekstrarsamning. Þegar stofan tók til starfa árið 2000 var jöfn eignarskipting milli ríkis og rekstrarsveitafélaga, en með tilkomu nýrra laga árið 2002 fluttist eignarhluti ríkisins yfir á hendur rekstrarsveitafélaga.

Í eftirfarandi töflum koma fram kostnaðartölur fyrir þau sjö rekstrarár sem stofan hefur starfað. Á fyrstu þremur árum var fjármagnsskipting þannig að ríkið lagði til ákveðna grunnupphæð sem fara skildi í launagreiðslur til forstöðumanns, táknað sem Ríkissjóður rekstur í töflunni. Ríkið lagði þar að auki til stofnfé sem notast skildi eingöngu til uppbyggingar á húsnæði og tækjakosti. Þetta framlag var greitt að því tilskyldu að rekstrarsveitarfélag leggði til sömu upphæð á móti sem notast ætti til í uppbyggingar á húsnæði og tækjakosti stofunnar. Að auki lagði Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur til fé til rekstrar.

Samfara lagabreytingunni árið 2002 breyttust rekstrarskilyrði stofanna mikið. Framlag ríkisins var aukið og tekin út ákvæði um að ákveðnu fjármagni skildi varið í uppbyggingu tækjakosts stofanna. Þau sveitarfélög sem gert hafa samning um rekstur stofanna hafa skuldbundið sig til að greiða fjárhæð sem nemur lægst 30% af heildarframlagi ríkisins.

Ár	Ríkissjóður rekstur	Ríkissjóður rannsóknarfé	Sveitarfélag rekstur	Aðrir styrkir	Samtals
2003	7.500.000		2.250.000	306.000	10.056.000
2004	7.700.000	5.000.000	2.310.000	5.784.448	20.794.448
2005	7.900.000	5.000.000	2.370.000	2.560.000	17.830.000
2006	8.400.000	5.000.000	2.520.000	560.000	16.480.000
2007	8.800.000	7.000.000	2.640.000	2.806.146	21.246.146
2008	9.200.000	8.000.000	2.760.000	2.250.000	22.210.000

Þróun tekna Náttúrustofu Norðurlands vestra 2003-2008

4. Uppbygging stofunnar

Frá árinu 2002 hefur verið haldið áfram markvissri uppbyggingu stofunnar bæði hvaða varðar tækjakost, bókasafn og öðru sem til þarf fyrir slíkan rekstur. Til staðar er nú fullbúin aðstaða fyrir allt að fimm sérfræðinga, sem yfir sumartímann er í minnsta móti en þröngt mega sáttir vinna.

Verkefni sem unnin hafa verið á stofunni er fjölbreitt og oft unnin í samvinnu við aðrar stofnanir og einstaklinga.


Á þeim átta árum sem stofan hefur starfað hefur henni vaxið ásmegin hvað tækjakost snertir, en langt er þó enn í land að hún verði fullbúin. Mikilvægt er að átta sig á og vanmeta ekki í þessu sambandi að stærsta fjárfestingin sem stofan leggur í er starfsfólkið sem við stofuna starfar. Stofan hefur átt því láni að fagna að stafsfolk hennar hefur lagt sig fram við að byggja upp öfluga stofu. Mikilvægt er að tryggja rekstrargrundvöll stofunnar enn betur í framtíðinni með auknum verkefnum bæði frá rekstrarsveitarfélögum og ríki, þannig að hægt sé að ráða starfsfolk að stofunni til lengri tíma. Slíkt verður ekki gert nema að bæði ríki og rekstrarsveitarfélög leggi stofunni til aukin föst verkefni.



5. Húsnæðismál stofunnar

Árið 2000 þegar Náttúrustofan hóf starfsemi sína flutti hún inn í nýuppgert húsnæði að Aðalgötu 2. Húsnæðið var endurgert með það að markmiði að starfsemi Náttúrustofunnar rúmaðist þar fyrir. Á efri hæð hússins eru tvær skrifstofur auk sýninga- og fyrirlestrarsals. Á neðri hæð eru snytingar, tvær rannsóknarstofur og eldhús. Til stóð í upphafi að stofan fengi allt húsnæðið undir starfsemi sína, en til að byrja með var hluti húsnæðisins leigður Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Eftir um tveggja ára samningaviðræður um verð hússins, þá keypti Náttúrustofan helmingshlut húsnæðisins á móti Sveitarfélaginu Skagafirði í ársbyrjun 2002. Samningur var gerður um notkun hússins og hefur Náttúrustofan aðgang að sal á efri hæð til sýninga, fyrirlestra og fundarhalds, annars er sá salur notaður til reglulegra funda sveitastjórnar og til annarra upþákoma. Sveitastjórn Skagafjarða hefur hætt notkun sinni á salnum og hefur Minjavörður Norðurlands vestra fengið afnot af einni skrifstofu og hluta af sal undir starfsemi sína.

Í dag er fullbúin vinnuaðstaða fyrir fimm sérfræðinga í húsnæðinu og auk þess er hægt að upp þrjár færanlegar vinnuaðstöður. Uppbyggingu tækjarkosts á rannsóknastofunnar miðar ágætlega og er stefnt á mikla uppbyggingu þar á næstu árum.



6. Helstu verkefni Náttúrustofu

Eins og upptalningin hér á undan á hlutverkum Náttúrustofu Norðurlands vestra sýnir þá er verksvið stofunnar fjölbreytt. Þessi ár sem liðin eru frá stofnun stofunnar hafa þó einkennst af því að stofan er að stíga sín fyrstu skref og skapa sér grundvöll. Markviss verkefnaleit hefur átt sér þar stað samhliða.

Hér á eftir verða helstu verkefni sem unnin hafa verið og eru í vinnslu á Náttúrustofunni talin upp.

6.1 Verkefni unnin árið 2003

Aurskriðurannsóknir í Gleiðarhjalla

Undanfarin ár hafa verið stundaðar rannsóknir á aurskriðuvirkni víða um land. Eitt að þeim svæðum sem rannsökuð hafa verið er Gleiðarhjalli í Skutulsfirði. Nokkur aurskriðuvirkni var þar árið 1999 og á árinu var skrifuð grein um skriðuföll sem orðið hafa úr hjallanum á síðustu öld og haldin fyrirlestur um það á ráðstefnu í Davos í Sviss, sjá ritskrá.

Kortlagning á sigsvæði á Siglufjarðavegi um Almennunga

Sumarið 2003 var hafist handa að kortleggja siggsvæði á Siglufjarðavegi um Almennunga. Verkefnið gengur út á yfirborðskortlagningu landforma á svæðinu auk kortlagningar lausra jarðlaga og er markmiðið að greina orsakir sigsins á veginum. Verkefnið var styrkt af Vegagerð ríkisins og áfangaskýrsla gefin út á árinu. Sjá ritskrá.



Sigsvæði í Tjarnardalabergghlaupinu í Almennungum (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2003).

Rannsóknir á Orravatnsrústum

Áfram var unnið að rannsóknum á Orravatnsrústum í Hofsafrétt, en það verkefni var sett á laggirnar árið 2001. Verkefni þetta er unnið í samvinnu við Dr. Ólaf Arnalds á Rannsóknastofnun Landbúnaðarins (RALA).

Orravatnsrústir eru án efa ein af dýrmætustu náttúruperlum hálendisins og meðal merkustu gróðurminja landsins þó fáir viti um tilvist þeirra. Þær eru staðsettar í Hofsafrétt í námunda við Reyðarvatn. Svæðið ber nafn sitt af mjög sérstæðum rústarsvæðum og gróðurlendi í um 800 m hæð yfir sjávarmáli. Mjög sérstætt er að gróður þrífist í þessari hæð á hálendi Íslands. Orravatnsrústir eru því miður ennþá nýttar til beitar. Hrossabeit gæti hæglega eyðilagt þessar gróðurleifar á næstu árum ef svo fer fram sem horfir.

Megin markmið verkefnisins er að kortleggja útbreiðslu rústamyndanna á svæðinu, kanna eðli þeirra og gerð, ásamt því að kanna gróðursamfélög þau sem þar fyrirfinnast. Þessi rústasvæði eru enn í dag lítt rannsökuð, en þó er ljóst að þau eru mjög sérstæð, ekki bara ef tekið er mið af Íslandi heldur á alheims mælikvarða. Mjög mikilvægt er að afla eins nákvæmra upplýsinga um útbreiðslu þessara myndanna, kanna hvers konar myndanir þetta eru, hversu mikil áhrif umferð um svæðið hefur á þær og ekki síst hversu mikil áhrif veðurbreytingar hafa á þær.

Fuglatalningar á Friðlandinu við Miklavatn

Dagana 10. - 13. júní fóru fram fuglatalningar í Borgarskógum og nágrenni. Náttúrustofan stóð fyrir talningunum í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Það voru fuglafræðingarnir Tómas Grétar Gunnarsson og Guðmundur A. Guðmundsson sem sáu um talningarnar ásamt Þórdísi V. Bragadóttur líffræðingi. Alls voru taldar 34 tegundir fugla.

Fyrirlestrar fyrir ungmenni í Vinnuskóla Skagafjarðar

Dagana 7. - 9. júlí voru haldnir fyrirlestrar fyrir ungmenni í Vinnuskóla Skagafjarðar og farið í stutta vettvangsferð. Fyrirlestrarnir voru í höndum Helga Páls Jónssonar jarðfræðings og Þórdísar Bragadóttur líffræðings.

Gróðurfar í friðlandinu við Miklavatn í Skagafirði

Á árinu 2003 réðst Náttúrustofa Norðurlands vestra í úttekt á gróðurfari í friðlandinu við Miklavatn í Skagafirði. Náttúrustofa Austurlands var fengin til að framkvæma úttektina vegna sérþekkingar starfsfólks hennar, Guðrúnu A. Jónsdóttir og Kristínu Ágústsdóttir, á gróðurfarsrannsóknum. Hér var um grunnúttekt að ræða þar sem gróðurfar við friðlandið hafði ekki verið rannsakað áður á kerfisbundin hátt og fyrsta gróðurkortíð af svæðinu hefur því litið dagsins ljós.

Botndýrarannsóknir í Hrútafirði

Dagana 6. - 8. ágúst árið 2003 fóru fram rannsóknir á botndýralíf á fyrirhuguðu námusvæði í Hrútafirði í tengslum við kalkþörungavinnslu. Þórdís Bragadóttir líffræðingur tók þátt í verkefninu.

Álftamerkingar í Skagafirði

Dagana 6.—12. ágúst fóru fram talningar og merkingar á álftum. Rannsóknarhópur frá Skotlandi og höfuðborgarsvæðinu undir stjórn Ólafs Einarssonar fuglafræðings stóðu fyrir þessari vinnu. Merktir voru hátt í 90 fuglar, bæði fullorðnir og ungar.

Nýsköpunarsjóðsverkefni Helga Páls Jónssonar.

Helgi Páll Jónsson vann að nýsköpunarsjóðsverkefni sumarlangt. Verkefni hans gekk út á að kortleggja öskulög í Skagafirði og útbúa útbreiðslukort þeirra. Leiðbeinandi Helga var Dr. Þorsteinn Sæmundsson. Helgi skilaði lokaskýrslu um verkefnið sem er að finna aftast í ritaskrá

Rannsóknir á aurskriðuvirkni og orsakavöldum þeirra.

Farið hafa fram rannsóknir á aurskriðuvirkni, orsakavöldum þeirra og þröskulds-gildum víða um land á undanförunum árum, meðal annars á Vestfjörðum, mið Norðurlandi og á Austfjörðum. Athyglivert er að sjá hversu mismunandi orsakavaldar eru fyrir aurskriðuvirkni eftir því hvar á landinu þær falla. Tvær greinar voru birtar í tengslum við þessar rannsóknir á árinu og fyrirlestar fluttir á ráðstefnu í Davos í Sviss, sjá ritskrá.

Kennsla á sumarnámskeiðum um náttúru Íslands

Dr. Þorsteinn Sæmundsson kenndi jarðfræði Íslands á sumarnámskeiði og fór í vettvangsferðir á vegum Hólaskóla fyrir erlenda háskólanema frá University of Guelph í Kanada.

6.2 Verkefni unnin árið 2004

Fyrirlestraröð Náttúrustofu Norðurlands vestra og Minjavörður Norðurlands vestra.

Á árinu 2004 var farið af stað með fyrirlestraröð sem Náttúrustofa og Minjavörður Norðurlands vestra stóðu að í sameiningu. Fyrirlestraröðin nefndist „Saga-Náttúra-Menning“ og lukkaðist ákaflega vel. Fyrirlestrarnir voru öllum opnir og voru haldnir annað hvert þriðjudagskvöld í húsnæði Náttúrustofunnar.



Hjalti Pálsson heldur fyrirlestur í fyrirlestraröðinni Saga-Náttúra-Menning (Ljósmynd. Þorsteinn Sæmundsson 2003).

Hættumarsgerð á Vestfjörðum

Í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og Veðurstofu Íslands var framkvæmt hættumat vegna aurskriðna og grjóthruns á þremur stöðum á Vestfjörðum: Tálknafirði, Suðureyri og Þingeyri. Gefnar voru út þrjár skýrslur með niðurstöðum hættumatsins eins og sést í ritskrá.

Fuglaskoðunardagur

Náttúrustofan og Háskólinn á Hólum stóðu sameiginlega fyrir fugladegi þann 29. maí. Dr. Guðmundur A. Guðmundsson dýravistfræðingur kynnti fuglatalningar sem unnar voru árinu áður sem framkvæmdar voru í héraðinu, og eftir það var haldið út í mörkina í fuglaskoðun.



Dr. Guðmundur A. Guðmundsson dýravistfræðingur á Náttúrufræðistofnun Íslands hélt erindi á fugladegi stofunnar (Ljós. Þorsteinn Sæmundsson 2004).

***Alþjóðleg ráðstefna The European Science Foundation (ESF) Network
SEDIFLUX***

Í júní stóð stofan fyrir alþjóðlegri ráðstefnu í verkefninu ESF – Network SEDIFLUX. The First Science Meeting of the European Science Foundation. SEDimentary source-to-sink-FLUXes in cold environments. Um 40 aðilar mættu á rástefnuna.

First SEDIFLUX Steering Committee Meeting in Reykjavík, June 17th, 2004

First SEDIFLUX Science Meeting in Sauðárkrúkur, Iceland, June 18th -21st, 2004



Ráðstefnugestir fyrir utan hús Náttúrustofunnar (Ljós. Þorsteinn Sæmundsson 2004).

Kortlagning á siggsvæði á Siglufjarðavegi um Almennina

Sumarið 2003 var hafist handa að kortleggja siggsvæði á Siglufjarðavegi um Almennina. Áframhald var á þeim rannsóknum árið 2004. Verkefnið gengur út á yfirborðskortlagningu landforma á svæðinu auk kortlagningar lausra jarðlaga og er markmiðið að greina orsakir sigsins á veginum. Verkefnið var styrkt af Vegagerð ríkisins og lokaskýrsla gefin út á árinu. Sjá ritskrá.



Hreyfingar á vegstæði Siglufjarðarvegar á Skógarsvæðinu í Tjarnardalabergshlaupinu (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2004).

Visiting scientist hjá Náttúrustofunni árið 2004

Dr. Achim Beylich landmótunarfræðingur dvaldi í rannsóknarleyfi í boði stofunnar í um 5 mánaða tíma á árinu. Rannsóknir Achims beindust aðallega að setflutningi í háfjallaumhverfi á Norðurlandi og Austfjörðum.

Heimsókn Armelle Decaulne

Dr. Armelle Decaulne landmótunarfræðingur dvaldi á stofunni í um 4 mánaða tíma og lagði stund á ýmsar rannsóknir í samvinnu við stofuna.

Talningar á himbrima á Skaga

Sumarið 2004 var framkvæmd talning á Himbrima á utanverðum Skaga í samvinnu við Ólaf Einarsson fuglafræðing. Flogið var vítt og breitt um skagann og fuglar taldir.



Fjöldi tjarna og vatna er að finna á utanverðum Skaga og eru þau tilvalið búsvæði Himbrima (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2004)

Dagur hinna viltu blóma

Dagur hinna viltu blóma var haldin að Hólum í Hjaltadal og var Valgeir Bjarnason fengin til að fræða þátttakendur um hinar ýmsu tegundir gróðurs.



Valgeir Bjarnason fræðir þátttakendur á degi hinna viltu blóma við Hóla.

Jarðfræðileg ummerki snjóflóða.

Mikið hefur verið unnið í kortlagningu á jarðfræðilegum ummerkjum snjóflóða og annarra ofanflóða. Þessar rannsóknir hafa aðallega verið unnar í samvinnu við Dr. Armelle Decaulne eins og áður hefur komið fram. Unnið hefur verið bæði á Vestfjörðum, mið Norðurlandi og einnig á Austfjörðum. Fjöldinn allur af skýrslum og greinum hafa komið úti þessu sambandi auk fjölda fyrirlestra sem haldnir hafa verið:




Helgi Páll Jónsson og Olga Sandberg við rannsóknir á snjóflóðafarvegi í innanverðum Fnjóskadal (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2004).

Rannsóknir á Orravatnsrústum

Áfram var unnið að rannsóknum á Orravatnsrústum í Hofsafrétt, en það verkefni var sett á laggirnar árið 2001. Verkefni þetta er unnið í samvinnu við Dr. Ólaf Arnalds á Rannsóknastofnun Landbúnaðarins (RALA).

Orravatnsrústir eru án efa ein af dýrmætustu náttúruperlum hálendisins og meðal merkustu gróðurminja landsins þó fáir viti um tilvist þeirra. Þær eru staðsettar í Hofsafrétt í námunda við Reyðarvatn. Svæðið ber nafn sitt af mjög sérstæðum rústarsvæðum og gróðurlendi í um 800 m hæð yfir sjávarmáli. Mjög sérstætt er að gróður þrífist í þessari hæð á hálendi Íslands. Orravatnsrústir eru því miður ennþá nýttar til beitar. Hrossabeit gæti hæglega eyðilagt þessar gróðurleifar á næstu árum ef svo fer fram sem horfir.

Megin markmið verkefnisins er að kortleggja útbreiðslu rústamyndanna á svæðinu, kanna eðli þeirra og gerð, ásamt því að kanna gróðursamfélög þau sem þar fyrirfinnast. Þessi rústasvæði eru enn í dag lítt rannsökuð, en þó er ljóst að þau eru mjög sérstæð, ekki bara ef tekið er mið af Íslandi heldur á alheims mælikvarða. Mjög mikilvægt er að afla eins nákvæmra upplýsinga um útbreiðslu þessara myndanna, kanna hvers konar myndanir þetta eru, hversu mikil áhrif umferð um svæðið hefur á þær og ekki síst hversu mikil áhrif veðurbreytingar hafa á þær.



Helgi Páll Jónsson við mælingar á Orravatnsrústum haustið 2004 (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2004).

Botndýralíf í Hrútafirði

Stýrihópur um kalkþörungavinnslu í Hrútafirði leitaði til stofunnar til að taka að sér könnun á botndýralífi á og við fyrirhugað námusvæði í Hrútafirði. Stofan leitaði samstarfs við Náttúrustofu Vestfjarða til framkvæmda á þessari könnun. Gefin var út lokaskýrsla í árslok, sjá ritskrá.

Þýskur landfræðinemi í verklegri þjálfun

Eric Gruneberg, þýskur háskólanemandi í landfræði og landmótunarfræði hlaut verklega þjálfun á stofunni undir handleiðslu forstöðumanns. Eric vann að verkefni um aurskriður, berghlaup og snjóflóð. Ritgerð hans nefnist: Monitoring und Ursachenermittlung von Massenbewegungen (Derbris flows. Land Slides, Snow Avalanches) in den isländischen Westfjorden und in Nordwestisland, sem er að finna aftast í ritaskrá.

Sænskur landfræðinemi í verklegri þjálfun

Olga Sandberg frá Uppsala University vann við ýmsar rannsóknir á vegum stofunnar sem starfsþjálfun sumarlangt.

Rannsóknir á fuglalífi á fyrirhuguðu vegstæði í Vatnsdal í Vestur Húnavatnssýslu.

Að beiðni Vegagerðarinnar tók stofan að sér kortlagningu á fuglalífi á fyrirhuguðu vegstæði í vatnsdal í Áshreppi og Sveinshreppi. Niðurstöður rannsóknarinnar má sjá í ritskrá.

Leiðbeinandi Helga Páls Jónssonar í BS námi við Háskóla Íslands

Á árinu vann Helgi Páll Jónsson að BS ritgerð sinni við stofuna undir leiðsögn forstöðumanns. Helgi stefnir að því að verja ritgerðina í ársbyrjun 2005.

Aurskriður á Reykjaströnd

Á haustmánuðum 2004 gerði óvenjulega mikla staðbundna rigningu á Reykjaströnd. Töluverð aurskriðuvirkni orsakaðist af völdum hennar og fóru starfsmenn stofunnar og könnuðu ummerki.



Töluverð aurskriðuvirkni orsakaðist að mikilli úrkomu á Reykjaströnd á haustmánuðum 2004. (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2004).

6.3 Verkefni unnin árið 2005

Fyrirlestraröð Náttúrustofu Norðurlands vestra og Minjavörðar Norðurlands vestra.

Á árinu 2004 var farið af stað með fyrirlestraröð sem Náttúrustofa og Minjavörður Norðurlands vestra stóðu að í sameiningu. Fyrirlestraröðin sem nefndist „Saga-Náttúra-Menning“ var haldið áfram á árinu 2005. Fyrirlestrarnir voru öllum opnir og voru haldnir annað hvert þriðjudagskvöld í húsnæði Náttúrustofunnar.

Helsingjatalningar í innanverðum Skagafirði og Hjaltadal

Þórdís V. Bragadóttir líffræðingur framkvæmdi í árvissar talningar á Helsingjum í Skagafirði og Hjaltadal.

Jarðfræðileg ummerki snjóflóða

Mikið hefur verið unnið í kortlagningu á jarðfræðilegum ummerkjum snjóflóða og annarra ofanflóða á undanförmum árum. Þessar rannsóknir hafa aðallega verið unnar í samvinnu við Dr. Armelle Decaulne eins og áður hefur komið fram. Unnið hefur verið bæði á Vestfjörðum, mið Norðurlandi og einnig á Austfjörðum. Á árinu voru niðurstöður frá ýmsum stöðum á landi teknar saman í yfirlitsskýrslu fyrir Ofnaflóðasjóð, sjá ritskrá.




Starfsmenn náttúrustofunnar við snjóflóðagryt í innanverðum Dýrafirði (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2005).

Rannsóknir á jarðfræðilegum ummerkjum snjóflóða í Fnjóskadal og Bleiksmýrardal

Áframhaldandi rannsóknir fóru fram á framburði snjóflóða á Íslandi og beindust rannsóknir ársins að óhreyfðum svæðum í Fnjóskadal og Bleiksmýrardal. Rannsakaðar voru nokkrar aurkeilur og meðal annars tekin sýni til áhringarannsókna. Á árinu kom einnig út grein um fyrri rannsóknir okkar í Fnjóskadal og Bleiksmýrardal, sjá ritskrá.

Rannsóknir á Orravatnsrústum

Áfram var unnið að rannsóknum á Orravatnsrústum í Hofsafrétt, en það verkefni var sett á laggirnar árið 2001. Verkefni þetta er unnið í samvinnu við Dr. Ólaf Arnalds á Rannsóknastofnun Landbúnaðarins (RALA). Í ár voru framkvæmdar viðnámsmælingar til að kanna útbreiðslu sífrera á rústasvæðinu og hafa slíkar rannsóknir hafa ekki verið framkvæmdar áður á þessu svæði.



Dr. Christof Kneisel og aðstoðarmaður hans við viðnámsmælingar á Orravatnsrústum (Ljósmynd: Þorsteinn Sæmundsson 2005).

BS verkefni Helga Páls Jónssonar við Háskóla Íslands

Í janúar 2005 varði Helgi Páll Jónsson BS ritgerð sína um gjóskulög í Skagafirði við Háskóla Íslands. Helgi vann að gagnasöfnun við þetta verkefni sumrin 2003 og 2004 þegar hann dvaldi við stofuna. Leiðbeinendur Helga í þessu verkefni voru þeir Dr. Ólafur Ingólfsson og Dr. Þorsteinn Sæmundsson.

Rannsóknir á aurskriðuvirkni í Gleiðarhjalla

Grein um rannsóknir á aurskriðuvirkni í Gleiðarhjalla var birt á árinu eins og kemur fram í ritlista.

Styrkþegi á Leonardo Da Vinci styrk

David Vigour styrkþegi frá Frakklandi vann við rannsóknir á jaðrakönum á Íslandi sumarlangt árið 2005. Styrkur hans kom frá Leonardo Da Vinci Evrópusjóðnum.

Kennsla á sumarnámskeiðum um náttúru Íslands

Dr. Þorsteinn Sæmundsson kenndi jarðfræði Íslands á sumarnámskeiði og fór í vettvangsferðir á vegum Hólaskóla fyrir erlenda háskólanema frá University of Guelph í Kanada.

Heimsókn Dr. Christof Kneisel frá Háskólanum í Wurzburg, Þýskalandi

Þann 11.— 15. júlí voru gerðar nýstárlegar rannsóknir á nokkrum völdum svæðum innan Skagafjarðar er snúa að því að kann myndun sífrera í jörðu. Svokölluðum viðnámsmælingum var beitt, en þær gefa mikilsverðar upplýsingar um dýpt og útbreiðslu sífreramyndana, auk annarra þátta. Könnunarsvæðin voru skriðusvæðið Almenningar á Siglufjarðarvegi, svæði við norðurjaðar Hofsjökuls og á Nýjabæjarfjalli. Verkefnið var unnið í samstarfi við Dr. Kristof Kneisel landmótunarfræðing við Háskólann í Wurzburg í Þýskalandi og hafði hann yfirumsjón með mælingunum.



Unnið við viðnámsmælingar í Skagafirði sumarið 2005 (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2005).

Foreldraumönnun hjá álfum.

Í janúar varði Þórdís V. Bragadóttir 4. árs ritgerð sína við Háskóla Íslands. Við gagna-söfnun vann hún við náttúrustofuna sumrin 2003 og 2004.

Jarðfræðileg úttekt á aðstæðum við Holtahverfi á Ísafirði

Unnin var greinargerð um áhrif framkvæmda við snjóflóðavarnarmannvirki á jarð-fræðilegt umhverfi við Holtahverfi í Skutulsfirði að beiðni Ísafjarðabæjar. Berggrunni svæðisins og lausum jarðlögum var lýst og lagt mat á hvort jarðminjar á svæðinu munu raskast vegna framkvæmdanna.

Fuglaskoðunardagur

Þann 8. maí stóð Náttúrustofan og Háskólinn á Hólum fyrir fugladegi. Þorkell Lindberg Þórarinnsson, forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands hélt fyrirlestur um stofnvistfræði og atferli flórgoða. Að fyrirlestri loknum var haldið í fuglaskoðun.



Þorkell Lindberg Þórarinnsson líffræðingur heldur fyrirlestur um flórgoða á fugladegi náttúrustofunnar.

Útgáfa fuglabæklinga

Á árinu 2005 gaf náttúrustofan út fuglabækling með því markmiði að kynna helstu fuglaskoðunarstaði Skagafjarðar og upplýsingaskilti sem þar hefur verið komið upp á vegum stofunnar og UST.

The European Science Foundation (ESF) Network SEDIFLUX

Áfram var haldið með vinnu við SEDIFLUX samstarfsnetið og haldnar tvær ráðstefnur og stjórnarfundir á þessu ári:

Second SEDIFLUX Steering Committee Meeting Clermont-Ferrand, Jan 19th, 2005

Second SEDIFLUX Science Meeting in Clermont-Ferrand, January 20th –22nd, 2005

Third SEDIFLUX Steering Committee Meeting in Durham, UK, December 16th, 2005

Third SEDIFLUX Science Meeting in Durham, UK, December 16th – 19th, 2005

Álftamerkingar á votlendi Skagafjarðar

Dagana 10.—12. ágúst fóru fram merkingar á álftum á votlendi Skagafjarðar. Merkingarnar voru líkt og áður í höndum Ólafs Einarssonar fuglafræðings, starfsfólks Wildfowl and Wetlands Trust í Skotlandi og starfsfólks Náttúrustofu Norðurlands vestra. Merkt var á mýrlendi neðan við Glaumbæ og á Eystra eylandinu. Merktar voru yfir 150 álftir bæði fullorðnir fuglar og ungar.



Einbeittur hópur sækir að álftunum í Skagafirði við árlegar álftamerkingar (Ljósm. Þorsteinn Sæmundsson 2005).

Árþing SNS á Húsavík

Árþing SNS samtaka náttúrustofa var haldið á Húsavík í nóvember. Fjöldi áhuga-verðra erinda var fluttur á þinginu (www.sns.is).

6.4 Verkefni unnin árið 2006

Höfrungur og hníðingar reka á land á Garðssandi

Í ferbrúar var tilkynnt um að höfrungur og tveir hníðingar hefðu rekið á land á Garðssandi.



Höfrungur sem rak á land á Garðssandi (Ljóm. Þorsteinn Sæmundsson 2006).

Fyrirlestraröð Náttúrustofu Norðurlands vestra og Minjavarðar Norðurlands vestra.

Á árinu 2004 var farið af stað með fyrirlestraröð sem Náttúrustofa og Minjavörður Norðurlands vestra stóðu að í sameiningu. Fyrirlestraröðin sem nefndist „Saga-Náttúra-Menning“ var haldið áfram á árinu 2006. Fyrirlestrarnir voru öllum opnir og voru haldnir annað hvert þriðjudagskvöld í húsnaði Náttúrustofunnar.

Rannsóknarferð í Surtsey

